

Ávarp rektors

Kynning á skýrslu um *Stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2016-2021*

Kæru áhorfendur,

Það er mér mikil ánægja að vera með ykkur í dag, þegar við kynnum nýja skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands.

Það er löng hefð fyrir því að háskólinn láti útbúa slíka skýrslu, þar sem farið er yfir hvernig mál hafa þróast og hver staða málaflokksins er. Fyrsta skýrslan var gerð árið 2004 og fjallaði um tímabilið 1997-2002. Síðan þá hefur staða málaflokksins verið gerð upp með jöfnu millibili, og hér í dag kynnum við fimmtu skýrsluna.

Skýrsluhöfundar eru þau Guðný Gústafsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Guðbjört Guðjónsdóttir, og það er Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem hefur umsjón með gerð skýrslunnar, að beiðni rektors og jafnréttisnefndar Háskóla Íslands.

En hvers vegna er verið að vinna þessa skýrslu? Jú, ástæðan er m.a. að fá ákveðna úttekt á stöðu málaflokksins, og þetta eru ákveðin ábyrgðarskil fyrir stofnunina, að fá mat á því hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Slíkt mat byggir á nokkrum þáttum, m.a. greiningu á fyrirbyggjandi gögnum, þ.e. stefnum, fundargerðum og þess háttar; spurningalistakönnun sem send er hópi nemenda og starfsfólks Háskólans; og loks viðtöl við stjórnendur, starfsfólk á sviði jafnréttismála innan HÍ, og nemendur. Hvað nemendur varðar þá er bæði rætt við fulltrúa nemanda í hagsmunabaráttu, og einnig nemendur sem lýsa eigin upplifun um að stunda nám við HÍ sem fatlaðir nemendur, hinsegin nemendur og nemendur af erlendum uppruna.

Þessi nálgun gerir skólanum kleift að fá greinargóðar upplýsingar um hvaða hindrunum nemendur mæta, hvar þarf að bregðast við og móta aðgerðir, en líka til að taka stöðuna og sjá hverju jafnréttisstarf Háskólans hefur skilað. Þetta er ákveðin sjálfskoðun sem skólinn fer

í reglulega, og það er nauðsynlegt í þessum málaflokki sem og mörgum öðrum þar sem úttektir eru gerðar til að meta hvernig gengur í starfi Háskóla Íslands. Segja má að þessi skýrsla sé ein af okkar mikilvægustu leiðum til að fá fram sjónarmið og athugasemdir háskólasamfélagsins, og heyra raddir nemenda.

Þegar skýrslan er skoðuð kemur í ljós að mjög er kallað eftir aukinni fræðslu. Því ætlum við að mæta með metnaðarfullri fræðsludagskrá um jafnréttismál næstu 3 árin, en hún fer bráðlega í loftið. Einnig kemur fram í skýrslunni að það eru ýmsar hindranir sem nemendur og starfsfólk upplifa í sínu námi og starfi. Eru þar aðgengismál ofarlega á baugi, og eins og segir í skýrslunni þá þarf að huga að „manngerðu umhverfi, rafrænu umhverfi, og máli og menningu“ hvað aðgengi varðar. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að þörf sé aukinni þjónustu við ýmsa hópa, og jöfnun kynjahlutfalls meðal nemenda og starfsfólks. Þessar og aðrar greinargóðar tillögur skýrsluhöfunda verða hafðar til hliðsjónar við gerð næstu jafnréttisáætlunar sem gildir frá 2024-2026. Það er jafnréttisnefnd Háskólans sem hefur umsjón með undirbúningi þeirrar áætlunar, en hún er síðan lögð fyrir háskólaráð til afgreiðslu.

Kæru gestir, ég þakka fyrir þessa mikilvægu skýrslu um *Stöðu og þróun jafnréttismála við Háskóla Íslands 2016-2021* sem Guðný Gústafsdóttir kynnir nú á eftir og bið nú fundarstjóra, Jón Ingvar Kjara, prófessor á Menntavísindasviði HÍ og starfandi formann jafnréttinefndar Háskólans, að taka við.

Góðar stundir.